Samfylkingin

Kópavogi, 11. nóvember 2026

Fyrirspurn um stöðu deiliskipulags Kársnesstígs á sunnanverðu Kársnesi (mál nr. 2103759)

Óskað er svara við eftirfarandi:

- Hver er staðan á endurmati valkostagreiningarinnar sem umhverfissviði var falið á fundi skipulags- og umhverfisráðs 2. mars 2026?
- Hefur verið leitað álits óháðs aðila? Ef svo er, hver var fenginn til verksins, hvenær og liggur niðurstaða fyrir? Ef ekki, hvers vegna ekki?
- Hvenær er gert ráð fyrir að málið komi aftur fyrir skipulags- og umhverfisráð og hvenær er áætlað að tillaga að deiliskipulagi verði auglýst?
- Hvernig verður tenging gangandi og hjólandi vegfarenda við Fossvogsbrú tryggð ef stígurinn verður ekki tilbúinn þegar brúin verður tekin í notkun?
- Hver er kostnaður við endurmatið og óháða álitið hingað til og hver er áætlaður heildarkostnaður?

Greinargerð:

Tillaga að deiliskipulagi Kársnesstígs á sunnanverðu Kársnesi var forkynnt frá 13. nóvember 2025 til 23. janúar 2026. Á 25. fundi skipulags- og umhverfisráðs, 2. mars 2026, var samþykkt samhljóða að fela umhverfissviði „að endurmeta valkostagreiningu og leita álits óháðs aðila á mögulegum útfærslum á stofnstíg fyrir hjólreiðar á sunnanverðu Kársnesi“.

Síðan eru liðnir rúmir átta mánuðir og málið hefur ekki komið aftur fyrir ráðið. Á sama tíma er vinna við Fossvogsbrú langt komin, en stígurinn sem á að tengjast henni Kópavogsmegin er enn ekki kominn í deiliskipulag. Brýnt er að fá upplýsingar um stöðu málsins og tímalínu svo tryggja megi að örugg og vel útfærð tenging verði til staðar þegar brúin verður tekin í notkun.

Eydís Inga Valsdóttir
Bæjarfulltrúi

Hákon Gunnarsson
Varabæjarfulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026